

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Guðbjartur Ólafsson og Ástbjörg Jónsdóttir

- Skjalaskrá -

Einkaskjalasafn nr. 200

Guðbjartur Ólafsson hafnsögumaður og Ástbjörg Jónsdóttir

Guðbjartur Ólafsson, f. 21. mars 1889 í Keflavík í Rauðasandshreppi, d. 15. maí 1961, sonur Ólafs Guðbjartssonar þar og Guðrúnar H. Jónsdóttur, konu hans. Hann var tekinn 6 vikna gamall í fóstur af föðurömmu sinni, Magdalenu Halldórsdóttur í Kollsvík sama hreppi, og ólst upp hjá henni. Þegar hún lést 1898 hafði föðursystir hans Halldóra Guðbjartsdóttir veg og vanda af uppeldi hans fram að fermingu. Guðbjartur stundaði sjómennsku frá 10. aldursári; hann lauk farmannaprófi úr Stýrimannaskólanum vorið 1911.

Guðbjartur var skútuskipstjóri á Patreksfirði, stýrimaður og skipstjóri á stærri skipum frá Reykjavík og leiðsögumaður í seinni heimsstyrjöld. Hafnsögumaður var Guðbjartur í Reykjavík um 20 ára skeið.

Hann var formaður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar um margra ára skeið, og átti auk þess sæti í stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá byrjun og var forseti Slysavarnafélags Íslands frá 1940. Guðbjartur átti því láni að fagna árið 1916 ásamt skipshöfn að bjarga 38 mönnum á 4 ársskipum í Grindavíkursjó í norðan fárviðri.

Árið 1921 bjargaði hann þrettán mönnum af botnvörpunginum Bona Dea frá Grimsby sem var hætt kominn undan Vestmannaeyjum. Guðbjartur var árið 1944 leiðsögumaður á b/v Avante Garde sem var á leið til Keflavíkur; sneri Guðbjartur skipinu í átt að brennandi hernaðarflugvél sem var að steypast í hafið; bjargaði hann, þrátt fyrir mótmæli ensks skipstjóra sem taldi skipinu stefnt í hættu, átta af tíu úr áhöfn brennandi flugvélarinnar.

Guðbjartur hlaut árið 1948 hina íslensku fálkaorðu. Kona hans var Ástbjörg Jónsdóttir, f. 25. ágúst 1888 í Hákotu, í Akraneshreppi, d. 1. nóv. 1963. Þau bjuggu lengst af á Framnesvegi 17 í Reykjavík.

Skjöl þessi afhentu starfsmenn í Árbæjarsafni Borgarskjalasafni í febrúar 2001, og höfðu þau legið hjá þeim í ein 10 ár, ef ekki lengur.

Skjalaskrá

Askja 1

- Leyfisbréf konungs til handa Guðbjarti og Ástbjörgu um að mega ganga í hjónaband, 1912.
- Handgert heillaskeyti í tilefni silfurbrúðkaups Guðbjarts og Ástbjargar.
- Afmælisljóð til Guðbjarts, sum í skeytaformi.
- Ljóð.
- Ljóð til Ástbjargar.
- Boðskort.
- Bréf stíluð á Guðbjart Ólafsson, ca. 1949-1959, eitt þeirra með úrklippu: In memoriam, Skibsreder Marius Nielsen; annað bréf með úrklippu: Ólafur Hvannadal: Sjómannaskip, ca 1948. ásamt boðsbréfi á almennan sjómannaafuns
- Peningaveski, með ýmsum kvittunum o.fl., rakvélablaði og einkabréfi.
- Fjármál af ýmsum toga, s.s. kaupsamningar, tryggingar, o.fl.
- Atferlisskýrsla Guðbjarts Ólafssonar hafnsögumanns til orðuritara, Reykjavík.
- Líkræður og húskveðjur.
- Samúðarkort.

Askja 2

- Minningarkort um Guðbjart Ólafsson, 1961.
- Sjómannablaðið Víkingur, 5. tbl. 1961, jólin 1961, 1.-2., 3. tbl. 1962, 8. tbl. 1962, 1. tbl. 1963, 3. tbl. 1963.
- Sjómannadagsblaðið 24. ár, 1961, 25. ár 1962.
- Frúin, 1. tbl., 2. árg. 1963.
- Heillaskeyti til Ástu Jónsdóttur, 1963; heillaskeyti í tilefni silfurbrúðkaups, 1942.
- Fermingarskeyti til Benedikts Ársæls Guðbjartssonar, 1938, þar af tvö handgerð.
- Jólakort, ca 1950-1955, eitt þeirra í umslagi ásamt bréfi, 1955, í stóru umslagi merktu Guðbjarti Ólafssyni og frú.
- Ljósmyndir; ljósmyndir í umslagi, þ.á.m. póstkort: Meistari er það ég?; úrklippa: Sæmdarhjon eiga demantsbrúðkaup.
- Stór ljósmynd af þremur mönnum, í umslagi merktu: Forseti Slysavarnafélags Íslands Guðbjartur Ólafsson.
- Ljósmyndir af ungum pilti með heiðursskjal fyrir björgunarafrek?, höfðu verið saman í lúnu umslagi merktu Slysavarnafélag Íslands.
- Ljósmyndir í umslagi, filma, úrklippa úr dagblaði (mynd af Vestamannaeyjum), merkimiði, í umslagi.
- Ýmis gögn tilheyrandi Ástbjörgu, s.s. póstkort frá barnabörnum, nálarhús í póstkorti, bréf, kvittanir, minnismiðar, happdrættismiðar, o.fl.

Askja 3

- Minningarkort um Guðbjart Ólafsson, 1961.
- Samúðarskeyti vegna fráfalls Guðbjarts, 1961.
- Heillaskeyti til Guðbjarts í tilefni afmæla, 1939, 1954, 1959.

Askja 4

- Félagatal Öldunnar, 1916.

- Nefndaskipanir.
- Heiðursfélagaskírteini í Slysavarnafélagi Íslands, 1961. Í rauðri möppu, ljósmynd innan í af tveimur mönnum.
- Skírteini Guðbjarts í Fiskifélags Íslands um samþykkt og innskrift sem ævifélagi, 1940.
- Útvarpsviðtal, handskrifað og prentað.
- Útvarpserindi um slysavarnir.
- Grein send dagblaði um Laxfossstrandið.
- Umslag merkt: Björgunin á „Esther”. Ísafold og frásögn um björgunina. Í umslagi er eftirfarandi: Vísir, sunnudagsblað 30 mars 1941; úrklippa úr Vísi, 21 marz 1949; Ísafold, 4. apríl 1916.
- Björgunarafrekið 24. mars 1916, og tildrög þess eftir Sæmund Tómasson formann frá Grindavík.
- Handskrifuð minningargrein um Ellert K. Schram skipstjóra ásamt mynd.
- Þakkarkort fyrir auðsýnda samúð.
- Eftirlitsbók frá 12.8. 1958. Eftirlit með ölvun á vínveitingahúsum; skýrslur til Lögreglunnar í Reykjavík um ölvun; bréf þessu viðkomandi, 1957.
- Póstkort, 1955.
- Póstkort: Inspektionsskibet “Hvidbjørnen”.
- Bréf frá Matth. Þórðarsyni, Danmörku og þýðing á sögu: L. Smith dómari og fátæki drengurinn.
- Ljósmynd; aftan á stendur Júpiter á siglingu í Pentlandsfirði.
- Minnismiðar.
- Auglýsingarbréf stílað á Guðbjart.
- Gataspjald fyrir símtal til Kollsvíkur.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir